

AUGLÝSING

80

14. júlí

um breytingar á viðskiptasamningi við Pólland.

Hinn 20. júní 1951 var undirrituð bókun í Varsjá um nokkrar breytingar á viðskiptasamningi þeim við Pólland, er undirritaður var 15. desember 1950.

Samkvæmt bókun þessari lækkar magn nokkurra þeirra vörutegunda, sem gert er ráð fyrir, að Pólverjar kaupí af Íslendingum á samningstímabilinu, og kolamagn það, sem Íslendingar kaupa af Pólverjum lækkar, en nokkrar vörutegundir á pólska vörulistanum eru felldar niður. Jafnframt er fiskimjöli bætt á íslenska vörulistann, og pergamentpappír á pólska vörulistann.

Utanríkisráðuneytið, 14. júlí 1951.

Bjarni Benediktsson.

Hans G. Andersen.

AUGLÝSING

81

20. júlí

um loftferðasamning milli Íslands og Noregs.

Hinn 14. júlí 1951 var undirritaður í Reykjavík loftferðasamningur milli Íslands og Noregs. Samningurinn gekk í gildi við undirritun.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 20. júlí 1951.

Bjarni Benediktsson.

Hans G. Andersen.

Fylgiskjal.**LOFTFERÐASAMNINGUR**
milli Íslands og Noregs.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Noregs, sem hafa ákveðið að gera með sér samning um loftferðir milli Íslands og Noregs, hafa í því skyni tilnefnt fulltrúa með umboði og hafa þeir orðið á-sáttir um eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Samningsaðilar veita hvor öðrum þau réttindi, sem greind eru í viðbæti við samning þennan og veita verður, til að hægt sé að koma á flugferðum milli þeirra staða, sem þar um ræðir. Þessar flugferðir má hefja þegar í stað eða síðar,

LUFTFARTSAVTALE
mellom Norge og Island.

Den norske regjering og den islandske regjering har, etter å være blitt enige om å slutte en luftfartsavtale mellom Norge og Island, for dette formål oppnevnt behørig befullmektigede representanter, som er blitt enig om følgende bestemmelser:

Artikkel I.

De kontraherende parter gir hverandre de rettigheter som er angitt i vedlegget til denne avtale, og som behøves for å opprette de luftruter som er nevnt i vedlegget. Den kontraherende part som har fått omhandlede rettigheter, kan etter for-